

## AUGLÝSING

**um nýtt deiliskipulag í Vesturbyggð,  
snjóflóðavarnir við Búðargil á Bíldudal.**

Á fundi bæjarstjórnar Vesturbyggðar sem haldinn var þann 11. júní 2008 var samþykkt deiliskipulag vegna snjóflóðavarna við Búðargil á Bíldudal.

Deiliskipulagið er í samræmi við nýgerða breytingu á aðalskipulagi fyrir þéttbýlið á Bíldudal og felst í því að opið svæði til sérstakra nota, leiðigarður/snjóflóðavarnagarður, stækkar að Lönguhlíð og að hluta til Tjarnarbrautar þannig að íbúðasvæðin minnka sem því nemur. Hluti íbúðasvæðisins verður skilgreindur sem svæði fyrir frístundabyggð með takmarkaða nýtingu.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

*Patreksfirði, 18. júní 2008.*

**Guðný Sigurðardóttir**, skrifstofustjóri.